**Bekkur: 6. bekkur**

**Námsgrein: Enska**

**Kennarar: Jón Hrafn Baldvinsson, Linda Björk Ólafsdóttir og Þórhildur Kristín Bachmann**

**Tímafjöldi: 2,5 kennslustundir í viku.**

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**
**Yes we can 5, lesbók og vinnubók, Hickory, Dickory, Dock o.fl. auk valbóka í lestri. Ýmis verkefni frá kennara.**

**Lykilhæfni:**
**Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | Nemandi:<br>• skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og geti brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>• fylgt meginþræði í einföldum texta. | • Samtöl við kennara og samnemendur.<br>• Hlustun á efni tengt viðfangsefni hverju sinni.<br>• Hlustunarefni úr námsefni<br>• Viðfangsefni eru einstaklingsmiðuð. | • Mat á virkni og frammistöðu í tímum.<br>• Stuttar kannanir tengdar viðfangsefni.<br>• Leiðsagnarmat í lok hverrar annar. |
| **Lesskilningur** | Nemandi geti:<br>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>• lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og fræðsluefni. | • Lesefni sem fellur að viðfangsefni hverju sinni.<br>• Nemendur lesa lengri og styttri texta sem ýmist eru valdir af kennara eða þeir velja sér sjálfir á safni.<br>• Viðfangsefni eru einstaklingsmiðuð. | • Mat á virkni og frammistöðu í tímum.<br>• Stuttar kannanir tengdar viðfangsefni.<br>• Leiðsagnarmat í lok hverrar annar. |
| **Samskipti** | Nemandi geti:<br>• skipst á skoðunum og upplýsingum við skólasystkini og kennara.<br>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið með samtalsæfingar. | • Lögð er áhersla á samstarf og samskipti í flestum verkefnum. | • Mat á frammistöðu í tímum, samvinnu og verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Frásögn** | Nemandi geti:<br>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið eigin texta.<br>• lýst sjálfum sér, fjölskyldu, vinum, áhugamálum og nánast umhverfi. | • Frásagnir, samtöl og upplestur í minni og stærri hópum.<br>• Verkefni eru einstaklingsmiðuð. | • Mat á virkni og frammistöðu tímum.<br>• Stuttar munnlegar kannanir tengdar viðfangsefni.<br>• Leiðsagnarmat í lok hverrar annar. |
| **Ritun** | Nemandi geti:<br>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er eins og fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.<br>• unnið markvisst með orðaforða í ritun. | • Nemendur þjálfa ritun í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.<br>• Verkefni eru einstaklingsmiðuð. | • Mat á ritunarverkefnum í kennslustundum.<br>• Stuttar kannanir tengdar viðfangsefni.<br>• Leiðsagnarmat í lok hverrar annar. |
| **Menningarlæsi** | Nemandi geti:<br>• sýnt fram á að mörg algeng orð í tungumálinu eru lík og skyld öðrum orðum sem hann þekkir. | • Samtalsæfingar | • Frammistöðumat í stökum verkefnum |
| **Námshæfni** | Nemandi geti:<br>• beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, s.s. nýtt sér orðabækur og leitarvélar.<br>• hlusta á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja í hópstarfi. | • Gagnaöflun<br>• Samvinna - leshringir | • Símat |
| **<u>Lykilhæfni</u> sjálfstæði og samvinna** | Nemandi geti:<br>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.<br>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína<br>• unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. | • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi.<br>• Samstarf og hópaverkefni. | • Metið í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Hópleikir. |
| **<u>Lykilhæfni</u> ábyrgð og mat á eigin vinnu** | Nemandi geti:<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi<br>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. | • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. | • Símat og endurgjöf í gegnum verkefnavinnu |